

Hljóðvist

Verk: Norðausturvegur (85-02) um Skjálfafljót
Málefni: Hljóðvist
Dag.: 21.02.2024



Hér á eftir eru útreikningar á umferðarhávaða við Norðausturvegur (85-02) við Skjálfafljót við vegamót Norðausturvegar (85) og Út-Kinnarveggar (851-01) eftir færslu vegar frá núverandi vegstæði.

Útreikningarnir voru gerðir með einfölduðu reikniforriti SINTEF IKT (2004) sem byggir á samnorrænu reikniáðferðinni úr norræna reiknilíkaninu. Útreikningarnir áætla jafngildishljóðstig fyrir heilan sólarhring í desibelum dB(A) u.þ.b. við stöð 3500 í nýrri veglínu.

Í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 kemur fram að viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða (jafngildishljóðstig) fyrir utan glugga er 55 dB(A) við íbúðarhúsnæði og 45 dB(A) fyrir frístundabyggð. Gildin eru frísviðsgildi sem þýðir að ekki er tekið tillit til endurkasts hljóðbylgna frá húsvegg.

Útreikningarnir miðast við eftirfarandi forsendur:

→ Umferðartölur ársins 2023 byggja á rauntölum umferðar


ÁDU	650
SDU	1000
VDU	375

→ Umferðartölur ársins 2048 byggja áætlaðri umferð ársins 2048, eða 20 árum eftir opnun mannvirkis


ÁDU	1550
SDU	2100
VDU	775

→ Ökuhraði	90 km/klst.
→ Ökuhraði þungra ökutækja	90 km/klst.
→ Hlutfall þungra ökutækja (>3,5 tonn)	8%
→ Veghæð yfir yfirborði	1 m
→ Langhalli vegar	< 1%
→ Viðmiðunarhæð móttaka	10 m
→ Land á milli vegar og móttaka	hallandi
→ Útbreiðslugeisli	180° (sýnilegur hluti vegar frá móttakara)

Gert er ráð fyrir grónu flötu yfirborði á milli hljóðgjafa og móttaka, skilgreint sem mjúkt yfirborð í reiknilíkani fyrir ársdags- og sumardagsumferð. Aftur á móti má gera ráð fyrir að frosin jörð gefi endurkast frá yfirborði líkt og hart yfirborð. Því er hljóðstig miðað við vetrardagsumferð og frosið yfirborð sýnt með brotinni línu.



Síða 2/3



Vegagerðin

Miðað við áður nefndar forsendur og niðurstöður hljóðútreikninga er hávaði vegna umferðar undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um frígildishljóðstig 55 dB(A) og 45 dB(A), bæði fyrir núverandi umferð og einnig hönnunarumferð vegarins, þ.e.a.s. áætlaðri umferð ársins 2048.

Líkur eru á því að hljóðvist batni jafnvel eftir lagningu nýs vegar þar sem að á núverandi vegi er bæði kröpp beygja og einbreið brú í grennd við Ófeigsstaði og Rangá. Aðstæður eru þannig að ökutækji þurfa að lækka hraðann mikið og auka hraðann síðan aftur. Við þetta skapast meiri umferðarhávaði vegna hraðabreytinga ökutækja, samanborið við ökutækji sem keyra á jöfnum hraða.

Til viðbótar mætti einnig nefna að verið er að færa Norðausturveg (85) fjær bæjunum Ófeigsstöðum og Rangá.

Á mynd 3 má sjá svæðið í grennd við umrædda bæi og hvar ný lega Norðausturvegar (85) kemur til með að vera. Þar má einnig sjá hvar reiknað jafngildishljóðstig er 45 dB(A), annarsvegar 200 m frá vegmiðju miðað við núverandi umferð og hins vegar 280 m frá vegmiðju miðað við áætlaða umferð árið 2048.

